

## Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á hendur gerðarþola, Raffelli h/f, Fífuhvammssvegi 39, Kópavogi, á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda fyrir kr. 477.648 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 100.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. júní 1980.

Nr. 97/1980. Ákærvaldið

gegn

Eðvarð Lövdahl.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1980 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bærust Hæstarétti 23. s. m. Hvorki hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara né skipuðum verjanda varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

## D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

## Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. júní 1980.

Ár 1980, laugardaginn 21. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær krafðist rannsóknarlögregla ríkisins þess, að Eðvarð

Lövdahl, fæddur 12. desember 1937, til lögheimilis að Kríuhólum 2, dvalarstaður Hörpugata 12 hér í borg, yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 2. júlí nk. vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans.

Kærði var færður fyrir dóm í gær og hann yfirheyrður um sakargiftir, eftir að honum hafði verið kynnt krafa rannsóknarlögreglu ríkisins, sem tekin var til úrskurðar í lok dómpings.

Í ítarlegri greinargerð, sem fylgdi kröfu rannsóknarlögreglunnar, segir m. a.:

„RLR hefur borist kæra Steingríms Þórissonar, Reykholti, Borgarfirði, á hendur Eðvarð Lövdahl fyrir viðtæk fjársvik.

Upphaf þessara viðskipta kærða og Steingríms var, að hann kvaðst hafa verið að reyna að fjármagna útgáfu „Snorrapening“ (sic), sem gefa átti út í tilefni Snorraháttíðar á s.l. sumri. Erfiðlega hefði gengið að útvega fjármagn til útgáfunnar og hafi það síðar orðið að samkomulagi milli Steingríms og kærða, að kærði reyndi að útvega fjármagn í gegnum frænda sinn, Sigurð Jónsson. Í þessu skyni kveðst Steingrímur hafa afhent kærða óútfyllta víxla, samþykkt af honum sjálfum og konu hans.

Útvegum fjármagnsins hafi síðan dregist, en kærða tekist með blekkingum að fá að nota þrjá af áður nefndum sjö víxlum til eigin þarfa. Steingrímur kveðst hafa útfyllt þessa þrjá víxla sjálfur að fyrirlagi kærða, samtals að upphæð kr. 3.900 milljónir (sic), jafnframt hafi kærði fullvissað hann um, að afgangurinn af víxlunum myndi nægja til að tryggja lánsféð, sem ætti að afhendast 25. júlí. Ekkert varð þó af því. Þann 21. ágúst segir Steingrímur, að hringt hafi til sín maður, er kvaðst heita Sigurður Jónsson. Kvaðst hann hafa hringt samkvæmt tilmælum kærða til að staðfesta, að lánsféð fengist.

Vitnið, Konráð Axelsson, sem framleiða átti minnispeningana, hefur borið, að til hans hafi hringt maður til að spyrjast fyrir um framleiðsluna, þar sem til stæði að lána Steingrími fé til framleiðslu þeirra.

Steingrímur (sic) segir, að sama dag og hann ræddi við Sigurð Jónsson í síma, eða daginn eftir, hafi kærði haft samband og beðið um að fá að nota enn einn af óútfylltu víxlunum. Steingrímur kveðst hafa samþykkt það og eftir fyrirmælum kærða útfyllt víxilinn að upphæð kr. 1.450.000.

Vegna fjárskorts varð ekkert úr því, að minnispeningarnir yrðu framleiddir. Steingrímur kveðst þá hafa óskað eftir því við kærða, að hann skilaði aftur víxlunum, en hann hafi ekki gert

það, heldur hafi hann sett þá alla í umferð. Er fyrstu víxlarnir tóku að falla, kveðst Steingrímur hafa útgefið og samþykkt framlengingarvixla, en kærði hafi ekki notað þá alla til framlengingar, heldur sett þá í umferð. Urðu þetta því alls 10 víxlar, samtals að upphæð 14.660.000.-. Steingrímur kveðst hafa fengið til baka í víxlum og vörum 8.160.000.-, en kærði því haft af honum fé með blekkingum að upphæð kr. 6.5 milj.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi hefur kærði neitað að hafa veitt Steingrími vilyrði fyrir útvegum lánsfjár vegna fyrirhugaðrar útgáfu á svokölluðum „Snorra-pening“. Hann kveður ofangreinda víxla vera tilkomna vegna vöruviðskipta þeirra Steingríms. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst kærði hafa selt Steingrími vörur fyrir 6.760.000, sbr. kvittanir, er hann lagði fram við yfirheyrsluna, en skv. þeim kvittunum eru vörurnar afhentar skv. lista. Kvaðst kærði ekki vita, hvar þessir vörulistar væru niðurkomnir. Enn fremur neitaði kærði við sömu yfirheyrslu svo og fyrir dómi, að Steingrímur hefði afhent honum fyrstu 7 víxlana óútfyllta, heldur hafi Steingrímur útfyllt þá sjálfur. Kærði kvaðst ekki þekkja neinn Sigurð Jónsson.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir enn fremur:

„Steingrímur Þórisson hefur einnig borið, að kærði hafi stolið tveimur víxlum, hvorum að upphæð 1 milj. kr. Þessir tveir víxlar hafi verið meðal 11 víxla, er voru í vörslu kærða vegna fyrirhugaðra kaupa þeirra á skurðgröfu. Af kaupunum varð þó ekki. Víxlarnir voru samtals að fjárhæð 11 milj., samþykktir af Steingrími Þórisssyni. Víxlarnir voru afhentir í júlí 1979, og skilaði kærði Steingrími umslagi með víxlunum í ágúst eða september s.l. Nú í vor hafi Steingrímur fengið tilkynningu um gjalddaga á tveimur af þeim víxlum, er samþykktir voru vegna gröfukaupanna, og við athugun hafi komið í ljós, að tvo útfyllta víxla vantaði í umslagið, en í stað þeirra voru sett tvö útfyllt víxileyðublöð.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi hefur kærði neitað að hafa haldið eftir ofangreindum tveim víxlum, en borið, að hann hafi skilað Steingrími öllum 11 víxlunum, en Steingrímur hafi sjálfur í viðurvist kærða afhent Þóri Halldórssyni víxlana, en Þórir var þá starfsmaður kærða, og hafi Þórir átt að koma víxlunum í peninga fyrir Steingrím. Þórir Halldórsson hefur hins vegar borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði hafi afhent honum ofangreinda

tvo víxla í desember 1979 sem greiðslu fyrir vinnu í þágu kærða. Enn fremur hefur sonur kærða, Ragnar Kornelíus Lövdahl, borið fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hafi heyrt á samtali föður síns og Þóris, þar sem rætt var um, að Þórir ætti að fá tvo 1 millj. kr. víxla sem greiðslu fyrir ýmis viðvik og störf, sem Þórir hefði innt af hendi fyrir föður hans. Taldi Ragnar Kornelíus, að samtali þetta hefði átt sér stað einhvern tíma nálægt sl. áramótum.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir enn fremur:

„Steingrímur hefur borið, að í desembermánuði s.l. hafi kærði haft samband og sagst vera á förum til Austur-Asíu í viðskiptaerindum. Hægt væri að gera þar góð kaup á ýmsum seljanlegum vörum. Kærði hafi sagt, að hann vantaði fjármagn, og beðið Steingrím að samþykkja víxla að upphæð 20 millj. kr. Steingrímur fengi endurgreitt í vel seljanlegum vörum. Samningar hafi tekist um, að framlag Steingríms yrði 18.450.000.-. Af því átti Steingrímur að fá 2.450.000.- til baka í reiðufé (7x350.000). Ekkert varð úr verslunarferð þessari, þar sem kærði átti að hefja afplánun refsidóms í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þann 15. janúar 1980. Samkvæmt staðfestu ljósriti af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem hér fylgir með, vissi kærði um, að hann hæfi afplánun þennan dag, þann 19. júlí 1979.“

Kærði hefur neitað að hafa ætlað í ofangreinda innkaupaferð, en umræddir víxlar séu tilkomnir vegna vörukaupa Steingríms. Steingrímur kveðst hins vegar ekki hafa fengið neinar vörur, en hins vegar hefur kærði borið, að Steingrímur hafi keypt af sér m. a. leikföng, skó og skartgrip og hafi endanlega verið gengið frá þessum kaupum þann 10. janúar sl., en þá hafi Steingrímur afhent sér víxla að fjárhæð kr. 16 millj. vegna þessara kaupa, sbr. ljósrit af „samkomulagi“, dagsettu 10. janúar sl., sem kærði lagði fram. Steingrímur hefur hins vegar borið, að hann hafi samþykkt víxla, samtals kr. 18.450.000, en kærði hefur neitað að hafa tekið við víxlum frá Steingrími að upphæð kr. 2.450.000 (7x350.000), en segist hafa mótttekið víxla að upphæð kr. 16 millj. (32x500.000). Steingrímur lagði fram í málinu „kvittun“, sem er aftan á víxileyðublaði, þar sem m. a. stendur: „hefi í dag 21.12.'79 mótttekið víxla að upph. 18.450.000, sem fer upp í til . . . (?) viðskipti okkar.“ Annað á „kvittuninni“, m. a. undirskriftir, er illlæsilegt. Steingrímur hefur borið, að kvittun þessa hafi kærði ritað. Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst kærði ekki geta neitað að hafa

undirritað „kvittun“ þessa, en fyrir dómi í gær kvaðst hann ekki kannast við að hafa skrifað það, sem á henni stendur.

Í kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins er þess getið, að vitneskja hafi borist um, að allmargir ofangreindra víxla séu komnir í umferð og séu þeir nú í innheimtu. Eftir eigi að rekja feril víxlanna, en þeir eru 51 talsins, og hafi rannsóknarlögregla ríkisins frá því rannsókn þessi hófst unnið að því að afla ljósrita af víxlunum og kanna, á hvern hátt þeim var komið í umferð.

Enn fremur hafa rannsóknarlögreglu ríkisins borist tvær kærur varðandi ætluð fjársvik kærða. Einnig er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kæra Gunnhildar Ólafsdóttur vegna ætlaðra fjársvika vegna sölu bifreiðar, en við þá sölu komu fram 3 af þeim 32.500.000 kr. víxlum, sem Steingrímur kveður kærða hafa haft af sér vegna fyrirhugaðrar verslunarferðar til Austur-Asíu.

Kærði var úrskurðaður gjaldþrota þann 28. maí 1979. Í yfirheyrslu fyrir skiptarétti þann 29. ágúst 1979 lýsti hann sig algerlega eignalaus. Endurrit úr skiptabók Reykjavíkur liggur frammi í dóminum. Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að kærði hefur haft fjármálaumsvif, eftir að hann var úrskurðaður gjaldþrota, og af gögnum málsins má sjá, að hann hafi einnig á þessum tíma rekið heildverslun á eigin nafni og á eigin nafnúmeri.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi.

Með hliðsjón af því, sem að framan segir, og vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, þannig að hann sæti gæsluvarðhaldinu allt til kl. 1700 miðvikudaginn 2. júlí nk., þar sem hætta er talin á, að ella geti kærði með óskertu frelsi hugsanlega haft áhrif á vitni eða spillt sakargögnum.

Kærði er sakaður um brot, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Eðvarð Lövdahl, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 1700 miðvikudaginn 2. júlí 1980.